



## **Aukaaðalfundur Tónlistarskóla Árnésinga bs. haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka 14. apríl 2026.**

### **Dagskrá aukaaðalfundar (vorfundur).**

Aukaaðalfundur Tónlistarskóla Árnésinga bs. er haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka þriðjudaginn 14. apríl 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Helga Sighvatsdóttir skólastjóri og Jóhann Stefánsson aðstoðarskólastjóri sitja einnig fundinn.

#### **1. Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)**

Kjartan Björnsson, formaður stjórnar Tónlistarskóla Árnésinga bs., setur fundinn kl. 12:30 og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Lagt er til að Kjartan Björnsson verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

#### **2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs**

Helga flytur skýrslu stjórnar og greinir frá því að hún muni láta af störfum sem skólastjóri eftir veturinn. Hún tók við starfinu árið 2018, en hafði þar á undan starfað sem aðstoðarskólastjóri frá árinu 2000. Jafnframt mun Jóhann Stefánsson hætta sem aðstoðarskólastjóri en halda áfram kennslu við skólann. Þau hafa bæði starfað við skólann í rúmlega aldarfjórðung. Helga fer yfir farinn veg og þær breytingar sem hafa orðið á þessum árum í skólanum.

Hún segir skólann hafa verið heppinn með kennara í gegnum tíðina. Margir stórir viðburðir hafa verið haldnir með þátttöku nemenda og kennara og viðburðir hafa verið vel sóttir og hefur þessi þróun haldist.

Helga fjallar um helstu áskoranir framtíðarinnar, einkum húsnæðismálin sem eru almennt góð en það þarf að huga að betra húsnæði á Selfossi.

Það vantar hentugt menningarhús fyrir tónlistarflutning og aðra stóra viðburði í sýslunni. Með hliðsjón af mannfjöldapróun telur hún brýnt að sveitarfélög hugi að slíkri uppbyggingu og standi saman að því. Þá fer hún yfir biðlista eftir tónlistarnámi og hvetur sveitarfélög til að huga að aukningu á kennslukvóta, sérstaklega þar sem þörfin er mest.

Helga lýsir áhyggjum af framtíð tónlistarkennara en það er lítil aðsókn í tónlistarkennaranám og meðalaldur kennara er hár.

Helga fer yfir helstu viðburði skólaársins, þar á meðal 70 ára afmælistónleika skólans sem haldnir voru á Laugarvatni í nóvember með um 250 nemendum og öllum kennurum. Skortur á menningarhúsi gerði framkvæmd tónleikanna erfiða þar sem flytja þurfti mikinn aðbúnað, s.s. hljóðfæri, stóla o.fl. En tónleikarnir tókust vel og með hjálp allra starfsmanna og fleiri aðila gekk þetta upp. Að lokum greinir hún frá fjölmörgum tónleikum um sýsluna, jólatónleikum, heimsóknum á stofnanir, hljóðfærakynningum í grunnskólum og komandi viðburðum, svo sem smiðjuviku í maí og skólaslitum. Þá munu kennarar fara í endurmenntunarferð til Rómar vor.

Að lokum þakkar hún öllum samfylgdina á undanförunum árum.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Fjóla St. Kristinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Haraldur Þór Jónsson og Bragi Bjarnason.

### **3. Ársreikningur 2025**

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri TÁ fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

### **4. Fundargerðir stjórnar og haustfundar lagðar fram til kynningar**

Helga fer yfir fundargerð aðalfundar Tónlistarskóla Árnesinga frá 14. október og fundargerðir stjórnar nr. 215 frá 10. febrúar, nr. 216 frá 26. febrúar og nr. 217 frá 24. mars sem eru lagðar fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

### **5. Önnur mál**

Kjartan upplýsir að í auglýsingu sé staða skólastjóra en umsóknarfrestur mun renna út á miðnætti í kvöld, 14. apríl. Farið verður þá í að vinna úr umsóknum og í framhaldi verður svo auglýst eftir aðstoðarskólastjóra.

Að lokum þakkar Kjartan Björnsson fyrir hönd Héraðsnefndar Árnesinga, Helgu Sighvatsdóttur og Jóhanni Stefánssyni fyrir góð störf í þágu skólans á liðnum árum og afhendir þeim þakklætisvott. Hann segir skólann hafa vaxið og dafnað á þeirra starfsferli.

Fundi slitið kl. 13:20

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð  
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Pórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg  
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg  
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg  
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur  
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi  
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð  
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi  
Árni Eiríksson, Flóahreppur  
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði  
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari.